

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS - AKUREYRI
SKÝRSLA 2

HALLDÓR G. PÉTURSSON

SKRIFDUANNÁLL 1993 - 1994

AKUREYRI 1995

INNGANGUR

Skriðuannáll 1993-1994 er fjórði skriðuannállinn sem ég set saman. Áður eru komnir skriðuannálar fyrir árin 1951-1970, 1971-1990 og 1991-1992. Þessir annálar voru gefnir út sem skýrslur hjá Náttúrufræðistofnun Norðurlands, en Náttúrufræðistofnun Íslands hefur nú tekið við starfsemi hennar á Akureyri.

Eins og þessi skriðuannáll ber með sér er hann skráður um leið og atburðir eiga sér stað. Fylgst hefur verið með fréttum af veðri og er því mikið af upplýsingum eingöngu fengið úr fréttatímum Ríkisútvarpsins. Fylgst var með Morgunblaðinu, Degi og nokkrum héraðsfréttablöðum og seinna var leitað kerfisbundið í DV og nokkrum fréttablöðum.

Talsvert hefur verið um skriðuföll og grjóthrun á þessum tveimur árum, en ekki hefur það allt verið stórvægilegt. Enn á ný hefur mest verið um ofanföll á vegi sem liggja um brattar skriður, svo sem t.d. á Austfjörðum og Óshlíð. Skriðuföll og grjóthrun hafa tept umferð um vegina (t.d. Óshlíð, Hvalfjörður 20.11.93., Austfirðir 29.-30.07.94., Þvottárskriður 18.10.94., Mánárskriður, Svarfaðardalur 13.10.94.) og legið hefur við slysum (Óshlíð 05.11.93., Gilsfjörður 28.11.93., Súðavíkurhlíð 12.06.94.). Þá má geta grjóthruns úr Ingólfsfjalli 05.07.93 og við Núpa undir Vestur Eyjafjöllum 09.04.94. Í báðum þessum tilvikum féll stórgryti nálægt mannvirkjum. Þó virðist um sýnu alvarlegra mál að ræða undir Ingólfsfjalli, þar sem sumarbústaður stendur í fjallsrótunum, í sjálfri skriðuurðinni. Virðist aðeins tímaspursmál hvenær stórgryti kremur hann.

Stærstu skriðuföllin á tímabilinu urðu Vestanlands vegna asahláku, sem miklar rigningar auk leysingar að vorlagi orsökuðu (Borgarfjörður, Dalir, Strandir 08.-09.05.93.). Urðu þá talsverð spjöll á skóglendi í Borgarfirði. Mikil skriðuföll urðu af sömu orsökum Norðanlands (Hörgárdalur, Norðurárdalur, Lýtingsstaðahreppur, Vatnsskarð, Svartárdalur 29.-30.05.94.). Hastrigningar Norðanlands (13.10.94.) orsökuðu talsverð skriðuföll í Svarfaðardal, Siglufirði og Fljótum. Á Siglufirði varð talsvert tjón á holræsakerfi bæjarins.

Rétt er að geta mikils grjóthruns á Langanesi (30.09.94.), og annars vegar sigi á skriðuurð undir hömrum í Haukadal í Dalasýslu (vetur/vor 1993) og hins vegar grjóthruni í Gildurhaganum í Hrunamannahrepp (vetur/vor 1993). Öll virðast þessi fyrirbrigði hin athyglisverðustu.

Þeim upplýsingum sem notaðar hafa verið við þessa annálsritun er haldið til haga á Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri. Enn á ný naut ég velvilja og aðstoðar Amtsbókasafnsins á Akureyri við söfnun upplýsinga. Kann ég Amtsbókaverði Lárusi Zophoníassyni og öðrum starfsmönnum Amtsbókasafnsins hinar bestu þakkir fyrir.

Að lokum er rétt að geta þess að upplýsingaöflun þessi er samvinnuverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands - Akureyri, Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs.

Halldór G. Pétursson

SKRIÐUANNÁLL

1993

vetur/vor DALASÝSLA (Haukadalur, Villingadalur).

Jarðsig.

Þegar snjóa leysti við bæinn Hamra í Haukadal í Dalasýslu, tóku ábúendur eftir sprungum í skriðuurð í fjallsrótum ofan við bæinn. Fjallið ofan við bæinn er hömrum girt, en neðan við þá er lítt gróin skriðuurð, sem orðið hefur til í tímans rás við hrun úr hömrunum. Langs eftir urðinni, efst, rétt undir hömrunum hafði myndast ca. 0.5 m hár sigstallur. Stallur þessi var áberandi á um 1 km löngum kafla innan og utan við bæinn. Ekki varð vart við að aðrar sprungur eða sig í urðinni, en þessi ummerki voru áberandi þegar þau voru skoðuð tveimur árum seinna (vorið 1995). Samskonar sprungur komu fram sama vor í skriðuurð undir hömrum í Villingadal, en hann er hliðardalur sem gengur til suðurs úr Haukadal.

Heim: Gögn H.G.P.

vetur/vor HRUNAMANNAHREPPUR (Gildurhaginn).

Grjóthrun/berghlaup?

Ofan við byggð í Hrunamannahreppi er Gildurhaginn, en hann er þröngur, hömrum girtur dalur grafinn niður í sprungustefnu, sem er frá NA til SV. Er dalurinn um 50-60 m djúpur. Hugsanlega hefur vatnsrof átt þátt í myndun dalsins, en í dag rennur lítill lækur eftir honum.

Um páskaleytið (08.04.-12.04.) tók fólk, sem átti leið um svæðið eftir því að mikið hrun hafði orðið úr háum klettum, austan megin í víðu gljúfri þar sem reiðgatan liggur um. Var gatan ófær af þessum sökum. Þarna hafði fleigast utan af klettunum og hrúnið yfir grasigróna brekku neðan við. Undir hömrunum var skúti, en það voru hamrarnir ofan við hann sem kubbuðst sundur og hrundu björg niður snarbratta hliðina og niður í dalbotn. Í brekkunni neðan við skildu björgin eftir sig tröllsleg för, en brekkan hefur eflaust verið frosin þegar þetta átti sér stað. Sum björgin voru mjög stór, á stærð við smá hús.

Skriðufall þetta varð einhvern tíma milli þrettándans og páska og virðist hafa verið mjög sérstakt. Er svo sem það hafi að hluta skriðið niður hliðina og að hugsanlega sé einhver lagskipting í því. Er talið að vatn (frost-þýða?) hafi átt þátt í því að hleypa því fram, en einnig hefur verið stungið upp á jarðhræringum (munlegar upplýsingar frá Einari Kr. Einarssyni, Laugum, Hrunamannahreppi og Hreini Gunnarssyni, Þórarinsstöðum, Hrunamannahreppi, - gögn H.G.P.).

Heim: Gögn H.G.P.

29. jan. ÞVOTTÁRSKRÍÐUR, HVALSNESSKRÍÐUR.

Grjóthrun.

Þ. 29. gerði suðaustan hvassviðri, með mikilli rigningu um mikinn hluta landsins, er djúp lægð hreyfðist norðaustur Grænlandshaf.

...fært er um alla vegi á Austfjörðum nema ófært er í Þvottár- og Hvalsnesskriðum, vegna grjóthruns og hvassviðris (RÚV 29.01.).

Heim: Ríkisútvarpið 29.01., fréttir kl. 19:00.

1. febr. HVALSNESSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Þ. 1. hreyfðist djúp lægð norður Grænlandshaf og olli fyrst suðaustanátt með rigningu um mestallt land.

...ófært er milli Hafnar og Djúpavogs, vegna grjóthruns í Hvalsnesskriðum og liggja stórir steinar á veginum. ...Varhugavert er að vera á ferð í Þvottárskriðum og á Almannaskarði (vegna hvassviðris og hálfu) (RÚV 01.02.).

Heim: Ríkisútvarpið 01.02., fréttir kl. 19:00.

21. febr. ÓLAFSVÍK (Hrafnabjörg).

Grjóthrun.

Ung stúlka, nýliði í björgunarsveitinni Sæbjörgu í Ólafsvík, fékk 17 kg grjóthnullung í höfuðið á æfingu sveitarinnar í Hrafnabjörgum á sunnudag. Það bjargaði stúlkunni að hún var með öryggishjálma á höfði, en hann brotnaði við höggið. Annar nýliði, piltur, fékk grjót á öxlina. ...þau tvö hafi verið að síga niður af bjargbrún til að ná í "slasaðan" félagan sinn. Er þau náðu til hans virðist hafa slaknað á línunni til þeirra með þeim afleiðingum að grjót á brúninni losnaði og kom af stað skriðu (Mbl. 23.02.).

Heim: Mbl. 23.02.

ATH: Hrafnabjörg eru sunnan og upp af byggðinni í Ólafsvík.

8.-9. maí BORGARFJÖRÐUR, DALIR, ÍSAFJARÐARDJÚP, STRANDIR.

Skriður.

Lægð gekk yfir landið og fylgdi henni hvöss SV-átt, svo mikil að stormviðvörðun var gefin. Á vestanverðu landinu fylgdi lægðinni mikil úrkoma, sem bættist við snjóleysingar svo af varð asahláka. Urðu víða miklir vatnavextir, flóð og vegaspjöll. Aurskriður féllu á nokkrum stöðum og á Óshlíð féllu snjóflóð.

BORGARFJÖRÐUR: ...Í Skorradal féllu tvær stórar skriður, önnur á sumarbústað í landi Fitja. Þar fór betur en á horfðist. Ekki urðu skemmdir á húsinu þrátt fyrir að skriðan færi sitt hvoru megin við húsið og að hluta á það. Gangstígur úr timbri sem liggur niður að bústaðnum skemmdist nokkuð. Talsvert verk var að hreinsa frá húsinu. Önnur skriða féll neðan við Hvamm og lokaði hún veginum um tíma. Einnig fóru sundur ræsi. Í Lundarreykjadal var einnig talsvert um skriðuföll en ekki teljandi tjón af þeirra völdum. Nokkur ræsi í sunnanverðum dalnum fóru og voru bæir þar innilokaðir í tvo daga. Ræsi fór í sundur við Höfða í Þverárhlið og lokaði veginum. Margar skriður féllu í Norðurárdal. Þar á meðal milli Skarðshamra og Glitstaða og lokuðu vegi (Borgfirðingur 13.05.)

...Í Borgarfirði hafa orðið töluverðar skemmdir. ...að víða flyti yfir í Norðurárdal. Björgunarsveitin Brák í Borgarnesi var send til þess að bjarga 15 hrossum upp með Hvítá um þrjú leytið. Þau voru þá orðin umflotin og er staðurinn nú kominn á kaf, þar sem þau voru. Björgunarsveitarmenn fóru síðan beinustu leið í Skorradal, eftir að hrossin voru hólpin. Í Skorradal voru miklir vatnavextir og höfðu aurskriður fallið, meðal annars rétt við sumarbústað. ...Litlu munaði að sumarbústaður eyðilegðist innarlega í Skorradal. Þar féll aurskriða skammt frá bústaðnum (RÚV 08.05.).

...Talsvert féll af aurskriðum á Vesturlandi af völdum úrkomunnar á laugardag. Litlu mátti muna að illa færi þegar ein skriðan féll á sumarbústað í Skorradal. Önnur lokaði vegi í sumarbústaðalandi í dalnum (DV 10.05.). ...Litlu munaði að aurskriða lenti á sumarbústað í Skorradal og ylli þar miklum skemmdum á laugardag (08.05.). Eigendur bústaðarins voru á staðnum þegar skriðan féll. "Við stóðum úti á palli og ég sagði við konuna mína að það væri best að taka myndir af skriðunni því maður gæti hvort sem ekkert annað gert." ...Aur- og vatnsflaumurinn æddi niður gangstíg og tröppur sem liggja niður að húsinu. Björgunarsveitarmenn úr Borgarnesi og nágrennar úr næstu sumarbústöðum hjálpuðu til við að veita vatnsflaumnum frá sumarbústaðnum, svo að hann slapp við skemmdir. Lóðin er aftur á móti illa farin, þar sem áður var gras og trjágróður er nú aur og stórgrýti. Einnig féll stór aurskriða við eyðibýlið Háafell, en þar urðu einungis gróðurskemmdir. ...Á sunnudagsmorgun (09.05.) féll svo stór skriða skammt fyrir neðan Hvamm í Skorradal, sem teppti veginn í nokkra klukkutíma, eða þar til Vegagerðin var búin að láta ryðja veginn og veita vatnsflaumnum frá. ...Laugardaginn 8. maí varð sólarhringsúrkomun í Andakílsárvirkjun 73.1 mm. Vatnsborð Skorradalsvatns, sem er 14 ferkílómetrar, hækkaði um 75 cm frá kl. 10:10 á föstudag til kl. 10:10 á laugardagsmorgun, en alls um 106 cm frá föstudagsmorgni til sunnudagsmorguns (Mbl. 11.05.)

...Í landi skógræktarinnar vestan við Hvamm (Skorradal), féll skriða á sunnudagsmorguninn (09.05.). Átti hún upptök í skál undir klettum, sem fylltist af vatni og sprakk fram og fór skriðan yfir veginn. Á laugardeginum (08.05.) féllu skriður: Ein féll við sumarbústað niðri við vatnið, austan stöðvarinnar (bæjarins Hvamms). Tvær grjótskriður féllu á Fitjum (Skorradal) og ein skriða á bæ vestan við Fitjar. Skriða féll inni í skóginum á Stálpastöðum (Skorradal) og dreifðist um hann. Í Karlsdal, sunnan Höfða í Þverárhlið féllu margar smáskriður og líka norðan við hann (upplýsingar frá Hauki Ragnarssyni og Ágústi Árnasyni, Skógrækt ríkisins, - gögn H.G.P.).

...Í ofanverðum Borgarfirði, í Norðurárdal, umhverfis og ofan við Bifröst er mikið af smáskriðum, sem eflaust hafa fallið í þessu úrfelli. Virtist mér sem skriðufallasvæði hafi náð úr Kjós og þangað norðureftir (Gögn H.G.P.).

DALIR: ...Svínadalur: Vegfarandi hafði samband og sagði þar illfært. Runnið hafi úr vegkanti og aurskriður fallið yfir veginn. Vegurinn er þó enn þá fær (RÚV 08.05.).

ÍSAFJARÐARDJÚP: ...þá vöruðu Vegagerðarmenn á Vestfjörðum við snjóflóðahættu á Óshlíðarvegi og sögðu að Djúpvegur væri varasamur á mörgum stöðum vegna skorninga og hættu af skriðuföllum. Nokkrar skriður höfðu fallið fyrr í dag, en voru hreinsaðar jafnóðum (RÚV 08.05.).

STRANDIR: ...Laugardaginn 8. maí og sunnudaginn á eftir voru miklar rigningar á Vestfjörðum og eftir hádegi þann dag fóru vegir í Strandasýslu að skemmast. Aðallega urðu skemmdir í kringum Steingrímsfjörð og í Bjarnarfirði (úrrennsli). ...Við múlann norðan Kollafjarðarness runnu svo aurskriður yfir veginn, svo að hann tepptist að nokkru um tíma á laugardaginn. ...Viða höfðu svo fallið aurskriður og runnið úr vegi á leiðinni norður í Árneshrepp (Mbl. 12.05.). ...Aurskriða féll við Hlíð í Kollafirði og víða urðu aðrar vatnsskemmdir á vegum í Strandasýslu. ...Í norðurhliðum Staðardals í Steingrímsfirði urðu miklar gróðurskemmdir vegna skriðufalla. Þar féllu á milli 20 til 30 aurskriður og fóru heilu spildurnar af stað og alla leið niður í Staðará. Stærstu skriðurnar voru í hliðinni við Kirkjuból og inn eftir dalnum. Staðaráin olli hins vegar engum spjöllum (Vestf. Fbl. 13.05.). ...Þannig komu stór sár í grónar hliðar Staðardals, einkum í Kirkjubólshlíð, þar sem gríðarlegt magn af jarðvegi rann út í Staðará (Strandapósturinn 27).

Heim: Ríkisútvarpið 08.05., fréttir kl. 12:20. 19:00. 24:00. DV 10.05. Mbl. 11.05. 12.05. Borgfirðingur 13.05. Vestf. Fbl. 13.05. Strandapósturinn 27. Gögn H.G.P.

26. júní NJARÐVÍKURSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Úrhellisrigning á Austfjörðum, leysingar og miklir vatnavextir. Lækir sem ár og ár sem stórflyót.

...Skriðuvatn flæddi yfir hringveginn í Skriðdal og varð hann ófær. Ekki hefur frést af öðrum skemmdum í rigningunni.

...Á Borgarfirði var mikil úrkoma í gærkvöldi og nótt og framundir hádegi í dag. Grjót hefur hrunið á veginn í Njarðvíkurskriðum, en ekki svo mikið að hann yrði ófær (RÚV 26.06.).

Heim: Ríkisútvarpið 26.06., fréttir kl. 19:00.

5. júlí INGÓLFSFJALL.

Grjóthrun, skriða.

...þegar þeir heyrðu miklar drunur berast frá Ingólfsfjalli í gærkvöld. Þegar þeir litu upp í fjallið sáu þeir nokkuð stóra aurskriðu renna niður fjallið skammt vestur af Tannastöðum. Þegar þeir fóru að fjallinu reyndist skriðan ekki hafa fallið á breiðu belti, en löngu og losnaði talsvert stórt bjarg við hamfarirnar og rann ofarlega úr fjallinu og niður á jafnsléttu (DV 06.07.).

...Björgin féllu úr Brennudalseggjum austan við Brennudalsgil, skammt vestan við Fjallslæk. Þau fóru í loftköstum niður hlíðina og stöðvuðust neðst í skriðunni þar sem mýkra er undir. Á þessu svæði er mikið af björgum sem hrunið hafa úr fjallinu. Stærri bjargið sem féll á mánudag er langstærst á svæðinu. ...Skammt vestan við björgin, eru tóftir af eyðibýlinu Fjalli sem fór í eyði vegna grjóthruns. Nokkru austar er sumar-bústaður í svonefndum Fjallsklettum. ...þegar ég kom út á pallinn sá ég stærra bjargið koma niður úr þokunni efst í fjallinu. Á undan því þeyttist smágrjót, en síðan kom það veltandi niður, það var ekki mikil ferð á því stóra en það var aftur svakaleg ferð á minna bjarginu. ...Þau hafa skilið eftir djúp för í fjallið þar sem þau hafa farið í loftköstum og það minna hefur hreinlega klesst niður í mýrina, neðst í skriðunni eftir feikna flug í lokin (Mbl. 07.07.).

Heim: DV 06.07. Mbl. 07.07. Dagskráin Selfossi 08.07.

5. ág. SKAGAFJÖRÐUR (Norðurárdalur).

Skriður.

Veginn við brúna yfir Valagilsá í Norðurárdal tók af á 40 m löngum kafla á fimmtudagskvöldið. ...Að sögn Vegagerðarmanna hefur trúlega myndast stífla í ánni, jafnvel vegna skriðu innar í dalnum. Talsvert vatn er í ánni, enda hafa verið miklar rigningar að undanfögnu (Dagur 07.08.). ...Skv. sjónvarpsfréttum 06.08. mun skýfall hafa orðið í fjöllum ofan við, stífla orðið í gjúfrunum og síðan skriða ruðst út gljúfrin (RÚV 06.08.).

Heim: Ríkisútvarpið 06.08., sjónvarpsfréttir kl. 20:00. DV 06.08. 09.08. Mbl. 06.08. 07.08. Dagur 07.08.

ATH: Það virðast fyrst og fremst hafa verið vatnavextir sem ollu vegaskemmdum. Vegurinn umhverfis brúna virðist hafa rofist burt, en ekki grafist í skriðu.

26. sept. PATREKSFJÖRÐUR, ARNARFJÖRÐUR.

Skriður.

Haustlægð með miklu hlýju lofti, sem kom langt sunnan úr hafi olli mikilli úrkomu víðs vegar um landið sunnan- og vestanvert þ. 26. Sólarhringsúrkomu á Nesjavöllum í Grafningi frá sunnudegi til mánudags varð 123 mm. ...Sama sólarhring rigndi 95 mm á Kvígindisdal við Patreksfjörð, sem er næstmesta úrkoma sem mælst hefur þar um slóðir í september.

...Á Stóra-Hálsi í Grafningi var sagt að úrkoman hefði verið hræðileg, enn ekki hefði frést af neinum skriðum (Gögn H.G.P.).

...Í kvöldfréttum útvarps 26.09. var sagt að Örlygshafnarvegur í Patreksfirði væri ófær vegna vatnavaxta, en skv. Eiði Thoroddsen, vegaeftirlitsmanni á Patreksfirði var þar um að ræða flóð, en ekki skriður. Taldi Eiður það furðulegt hve lítil skriðuföll urðu, miðað við hve mikil rigningin hefði verið. Var Eiður búinn að fara á alla helstu skriðustaðina í umdæmi sínu, eins og t.d. Rauðasand. Ekki hafði hann heldur haft spurnir af skriðuföllum í Gilsfirði. Helst gat hann sér til að mjög þurrt sumar hefði eitthvað að segja. Í Ketildölum, utan við Bíldudal í Arnarfirði lokaðist vegur vegna aurskriðu og í Hafnarmúla/Sandhlíð í Patreksfirði skreið eða seig hlíð (brekka) af stað inn á veginn (Örlygshafnarveg) og þrengdi veginn um ca. 50 cm (Gögn H.G.P.).

Heim: Ríkisútvarpið 26.09., fréttir kl. 19:00. Mbl. 28.09. Gögn H.G.P.

5. nóv. ÓSHLÍÐ.

Grjóthrun.

Um fimmleytið á föstudagsmorgun (05.11.) var tilkynnt til lögreglu á Ísafirði úr neyðarsíma í vegskála á Óshlíðarvegi, að kona hefði ekið á grjót á veginum. Ekki meiddist konan við áreksturinn en bílinn varð óökufær (Vestf. Fbl. 11.11.).

Heim: Vestf. Fbl. 11.11.

20. nóv. ÓSHLÍÐ, HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Suðaustan hvassviðri gekk yfir vestanvert landið aðfaranótt þ. 20. Verst var veðrið á Suðvesturlandi og Vestfjörðum. ...Allt að 11 vindstig urðu í óveðrinu í nótt og meira í hviðum. Aurskriður og snjóflóð lokuðu vegum, rafmagnsstaurar brotnuðu eins og eldspýtur og sjómenn muna vart annað eins. Hvergi er vitað um stórtjón, en þakplötur, verkpallar og fleira lauslegt flaug víða. Rúður brotnuðu, bílar skemmdust og flæddi inn í kjallara (RÚV 20.11.).

ÓSHLÍÐ: ...en nú hefur lygnt vestra og er veður sæmilegt. Því er svo við að bæta að aurskriða lokaði Óshlíðarvegi í Hvanngjá nú rétt fyrir hádegi og það er verið að moka (RÚV 20.11. kl. 12:20). ...Grjótskriða féll við Hvanngjá. Stórir steinar féllu rétt utan við vegskála. Gískað er á að hundruð tonna munu hafa fallið og var vegurinn lokaður í klukkutíma (RÚV 20.11. sjónvarpsfréttir kl. 20:00). ...Rétt fyrir hádegi á laugardag kom grjótskriða á Óshlíðarveg við Hvanngjár, rétt innan til við innsta vegskálann af þremur sem eru á veginum, og lokaði honum í um klukkustund. Það er ekki rétt sem fram hefur komið í fréttum, að þarna hafi verið um aurskriðu að ræða. Þetta var einungis grjót og enginn aur saman við (Vestf. Fbl. 25.11.).

HVALFJÖRÐUR: ...Í fyrrinótt féllu tvær skriður á Vesturlandsveg í Hvalfirði, önnur við Hvammsvík, hin úr Múlafjalli (Mbl. 21.11.). ...Tvær aurskriður féllu á veginn fyrir botni Hvalfjarðar í morgun. Önnur skriðan sem var 10 m breið, féll úr Múlafjalli seint á sjötta tímanum og lokaði veginum. Fólk sem var á leiðinni frá Akranesi til Keflavíkur í

millilandaflug tilkynnti lögreglu um skriðuna og að það kæmist ekki lengra. Skömmu síðar barst tilkynnig frá bílstjóra, sem var að keyra út Morgunblaðið frá Reykjavík til Akraness. Hann komst ekki leiðar sinnar vegna annarrar skriðu. Sú hafði fallið nálægt Hvammsvík. Vegagerðarmenn luku við að opna veginn á níunda tímanum (RÚV 20.11.). ...Fyrri skriðan sem komið var að er 10 m vestan við þar sem gamli vegurinn skilst frá þeim nýja og fer upp að Staupasteini. Skriðuefnið hafði verið fjarlægt af veginum. Sárið ofan vegar var um 0.5 m hátt og skriðan um 10 m breið við veg. Grófa efnið í skriðunni hefur stöðvast á veginum og fint efni borist frá dyngjunni niður á mýri neðan vegar.

Önnur skriða var (2 m) vestan við fjárhlið neðan við Votaberg í Hvalfjarðarbotni. Hún var af sömu stærð og hin fyrri. Þriðja skriðan sem athuguð var er 100 m austan við sama fjárhlið. Að sögn gröfumanns sem undirritaður ræddi við á staðnum var hún 4.5 m há á vegi, þegar að var komið um morguninn. ...Eins og hinar tvær hafði þessi skriða stöðvast á veginum, en fint efni úr henni hafði myndað keilu sem náði út í sjó. Á veginum voru stórir hnallungar (1 m) mjög áberandi. ...Úrkoma mældist 33.1 mm á Veðurstofu í Reykjavík kl. 9 þann 20. Samkvæmt sírita þar féllu 30 mm milli kl. 21 (þ. 19) og kl. 6 (þ. 20.). Þetta er þrátt fyrir mikinn vind, 40 hnúta kl. 21, sem óx í 50 hnúta kl. 2 (úrkoma mælist minni í miklum vindi en ella, trúlega hefur úrkoman verið 30% meiri á Veðurstofunni og enn meiri í Hvalfirði). Fólk ók fram á stóru skriðuna kl. 6, en þá sem fyrst er talin kl. 6:30 (Óskar Knudsen 1994).

Heim: Ríkisútvarpið 20.11., fréttir kl. 12:20. sjónvarpsfréttir kl. 20:00. Mbl. 21.11. Vestf. Fbl. 25.11. Borgfirðingur 25.11. Óskar Knudsen 1994: Skriður í Hvalfirði 21.11.1993. Greinargerð, Veðurstofa Íslands.

28. nóv. GILSFJÖRÐUR.

Skriður, grjóthrun.

Áætlunarbíll frá Vestfjarðarleið á suðurleið varð næstum fyrir grjóthruni á veginum í miðri hliðinni á milli Ólafsdals og botns Gilsfjarðar um kl. 15:45 á sunnudag (28.11.). Bílstjóri rútunnar, segir að aurskriða hafi nýlega fallið þar á veginn sem hann hafi verið drjúga stund að komast hjá. "Þá sé ég tvo heljarmikla hnallunga koma á fljúgandi ferð niður fjallið, 10-15 m fyrir framan mig. Ferðin var svo rosaleg að stærri steinninn snerti varla veginn heldur fór yfir hann í loftköstum, á að giska á hæð við framrúðu bílsins. Hinn kom hægar niður og rúllaði yfir veginn." ...kveðst halda að stærra bjargið hafi verið um hálfur annar metri í þvermál, en sá minni um metri í þvermál. Ætla má að stærra bjargið hafi verið um þrjú tonn að þyngd en hið minna tonni léttara. ...Hann segir að óhemjurigning hafi verið á þessum slóðum, en aðeins farið að draga úr henni þegar atvikið varð (Mbl. 30.11.).

...hann lýsti ástandinu í Gilsfirði svona á sjötta tímanum í kvöld. Það eru aurskriður á víð og dreif, bæði að norðan- og sunnanverðu. Ein dálítið stór að sunnanverðu (RÚV 28.11.).

Heim: Ríkisútvarpið 28.11., fréttir kl. 19:00. Mbl. 30.11.

1994

vetur/vor VESTMANNAEYJAR (Heimaklettur).

Skriða.

...ber að nefna sár sem hefur myndast austan við Dönskutó í Heimakletti. Greinilegt er að tugir ef ekki hundruð rúmmetra af jarðvegi hafa losnað og fallið í innsiglinguna. Þetta hefur gerst einhvern tíma í vetur og eftir standa ljót sár sem erfitt verður að gera nokkuð fyrir (Fréttir Vestmannaeyjum 20.04.).

Heim: Fréttir Vestmannaeyjum 20.04.

9. apr. VESTUR EYJAFJÖLL (Núpur).

Grjóthrun.

Grjóthrun úr Núpsfjalli í fyrrinótt banaði kind og færði stórgrýti að útihúsum Núps II. ...við húsgafl vélageymslunnar. Uppi á olíutanknum og skorðað við húsgaflinn var stórgrýti um eitt tonn á þyngd og sá hann að hrunið hafði úr fjallinu. Þegar hann gekk fyrir horn á húsinu sá hann dauða kind og hafði hún orðið fyrir öðru stórgrýti, sem lá upp að fjárhúsdýrum og lokaði þeim. Handan fjárhússins var bjarg ofan á bagga-færibandi (Mbl. 10.04.).

Heim: Mbl. 10.04. 13.04. 28.04.

23. apr. VATNSLEYSUSTRÖND (Vogastapi).

Grjóthrun.

Fjögurra til fimm tonna steinn féll úr Eggjunum í Vogastapa um helgina og hafnaði niður í fjöru á milli Halatúns og Kerlingarbúða. Djúp rás er í hlíðinni næst berginu þar sem steinninn hefur fallið fram og skriðið niður hlíðina (Mbl. 27.04.).

Heim: Mbl. 27.04.

maí. STRANDIR.

Grjóthrun.

...er nú búið að moka norður í Árneshrepp og vegurinn þangað vel jeppafær. ...Þeir eru með hefíl í þessu núna og fljótlega verður fólksbílafært. Það verður núna í vikunni. Það er eitthvað grjóthrun ennþá í Veiðileysukleif og Kaldbakskleif (Vestf. Fbl. 11.05.).

Heim: Vestf. Fbl. 11.05.

29.-30. maí HÖRGÁRDALUR, SKAGAFJÖRÐUR (Norðurárdalur, Hjaltadalur, Lýtingsstaðahreppur). AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA (Vatnsskarð, Svartárdalur).

Skriður.

Stórrigning var um allt vestanvert landið og á Norðurlandi þ. 29. og sumstaðar rigndi sem svaraði allri mánaðarúrkomunni í maí á einu bretti. Víða Norðanlands var sem skýfall úr suðvestanátt og varð af þessu úrhelli asahláka og miklar leysingar. Tiltölulega laus sjór sem fallið hafði í páskahreti bráðnaði mjög hratt. Af þessum orsökum urðu miklir vatnavextir, flóð og skriðuföll. Urðu víða miklar vegaskemmdir, m.a. tók af

brúna á Stóru-Giljá í Húnavatnssýslu, þannig að þjóðvegur 1 rofnaði og vegasambandslaust var á milli Reykjavíkur og Akureyrar um nokkurn tíma.

HÖRGÁRDALUR: Sunnudagskvöldið 29.05. milli kl. 20:00 og 20:30 féll skriða úr fjallshlíðinni ofan við bæinn Búðarnes í Hörgárdal. Þegar þetta átti sér stað var aðeins rigningarhraglandi, nánast úði, en fyrr um daginn hafði verið mikil rigning. Skriðan tók sig upp sem fylla úr gróðurtorfu ofarlega í fjallinu, reif upp jarðveg á leið sinni niður og rann eftir skoringi inn á tún. Skriðan braut niður girðingar og bar aur, grjót og "heilu þúfurnar ofan úr fjalli" inn á tún. Skriðan var um 20-30 m á breidd neðst og rann lækur úr skriðuörinu í hlíðinni, í nokkurn tíma eftir skriðufallið (Munnlegar upplýsingar frá Guðmundi Helga Gunnarssyni, ráðunaut á Akureyri og Þórhildi Sigurbjörnsdóttur, konu hans, - gögn H.G.P.).

Þegar ég skoðaði aðstæður nokkru seinna virtist mér svo sem barð upp á klettabelti hefði orðið vatnsósa og fallið niður hlíðina og rífið með sér vatnsósa jarðveg á leið sinni niður. Ekki varð ég var við aðrar nýjar skriður í Hörgárdal eða nágrenni, utan smáspýjur sem fallið höfðu úr fjallshlíðinni gengt Efstalandi í Öxnadal, en Búðarnes er hinum megin við fjallið í Hörgárdal (Gögn H.G.P.).

NORÐURÁRDALUR: ...Um miðjan dag í gær féll aurskriða á þjóðveginn í Norðurárdal, skammt frá Fremri-Kotum, og lokaðist vegurinn um tíma. Talsvert var af grjóti í spýjunni, sem féll yfir veginn og því tepptist hann (Dagur 30.05.). ...Þá fór vegur í Norðurárdal í sundur, milli bæjarins Fremri-Kota og eyðibýlisins Ytri-Kota. Fjórar aurskriður féllu úr giljum í fjallinu og vann Vegagerðin frá því síðdegis og fram á nótt við að ryðja veginn og veita vatninu í ræsi. Um kl. 3 um nóttina varð hins vegar ekki við neitt ráðið, vatnið gróf undan ræsi, sem féll niður, svo stórt skarð myndaðist í veginn. Gísli Felixson (rekstrarstjóri Vegagerðarinnar í Skagafirði) sagði að ekki hefðu verið meiri vatnavextir á þessu svæði frá 1954, þegar stórar skriður féllu á sama stað (Mbl. 31.05.). ...Ástandið var verst á Skriðulæk fyrir neðan Fremri-Kot. Þar er stórt ræsi, 1.75 m í þvermál, og var það að stíflast af aur og grjóti þegar vegagerðarmenn bar að á sunnudaginn (Dagur 31.05.).

...Þegar ég átti leið um Norðurárdal u.þ.b. viku seinna, voru ummerki skriðufallanna enn þá greinileg. Á Öxnadalshéið, í Giljareitum virtist ekkert hafa haggast, en strax og komið var niður í Norðurárdal var greinilegt að fallið hafði úr giljum og skorningum, báðum megin í dalnum. Ummerkin voru þannig að greinilegt var að fyrst hafði fallið aurskriða og á eftir fylgt vatnsflóð. Lá því oft hrein mól og hnellingar ofan á leirríkri aurskriðunni. Einnig var athyglisvert að eingöngu virtist hafa spýst út úr þeim giljum og skorningum sem ná upp á, eða upp undir fjallsbrúnir, en ekki úr þeim sem ná uppí miðjar hlíðar. Gæti þetta bent til að úrkoman hafi fyrst og fremst fallið á, eða utan í fjallatoppa/fjallsaxlirnar, en eitthvað minna neðar í dalnum. Eina skriðu sá ég þó sem fallið hafði úr miðri hlíð. Ekki virtist mikið hafa hlaupið fram úr giljum Valagilsár eða Kotár, þannig að sennilega hefur vatnasvið þeirra verið utan við meginúrkomusvæðið. Skriðufallasvæðið náði niður undir Silfrastaði og ekki var að sjá skriður utar í fjöllum (Gögn H.G.P.).

HJALTADALUR: ...Gilið fyrir ofan bæinn Nautabú stíflaðist af skriðuföllum. Vatn hlóðst upp bak við stífluna og þegar hún brast féll um 20 m há flóðbylgja fram. Hún fór yfir hátt túnhorn og dreifði sér yfir túnið á Kjarvalsstöðum. Þar mun eitthvað hafa drepist af lömbum. Flóðið skall á Hjaltadalsvegi þar sem hann tengist Hólavegi og Hólavegur lokaðist, auk þess sem Hjaltadalsvegur fór í sundur (Dagur 31.05.). ...að Nautabúsá hefði stíflast þegar skriða féll þvert yfir hana í dalnum ofan við bæinn. Þegar stíflan brast æddi fljóðbylgja úr dalkjafinum, rann yfir tún Nautabús og Kjarvalsstaða, tók í sundur veginn að Nautabúi, yfir Hólaveg og tók í sundur Hjaltadalsveg við vegamótin við Hólaveg. Grjót og aur er yfir túnum og Hólavegur var ófær (Mbl. 31.05.). ...Lítill lækjarspræna, Nautabúsáin, hún hefur breyst úr því að vera lítill á, í það að vera stórfljót og rennur nú yfir 500 m stórt svæði. Þetta gerðist einhvern tíma

snemma í morgun. Það féll skriða og fylgdi henni mjög mikið vatn. Drápust ein 4 lömb og nokkrar ær urðu illa útlítandi (RÚV 30.05.). ...En þessi björg öll sömul, hvaðan kemur þetta eiginlega? - Þetta kemur héðan ofan úr árgilinu, búið að berast langa leið. - Þetta er ótrúleg mikið magn á stuttum tíma. - Já, það má segja að þetta komi á 10 mín. allt saman. - Veistu hvað gerðist? - Það stíflaðist hérna frammi á dalnum, fór grasfylla í ána og stíflaði hana og svo barst þetta fram. Ég fór að líta á mitt fé og á Ingveldarstöðum kl. 7:30 í morgun (30.05.) og þá var allt í lagi. Svo kom ég til baka svona fimm mín. fyrir átta og þá er þetta að koma (Viðtal við Árna Ragnarson, bónda á Laufskálum - RÚV 30.05. sjónvarpsfréttir kl. 20:00).

LÝTINGSSTAÐAHREPPUR: Þá munu hafa verið talsverð skriðuföll í fjöllum í Efribyggð, Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði. Til dæmis utan í sunnanverðum Miðkambi í Fögruhlíð, en þetta er innan og vestan við bæinn Mælifellsá. Þarna var talsvert af skriðum, 40-50 m langar spýjur sem fallið höfðu úr vægum halla. Fjallshlíðin snýr mót suðri og þarna rigndi mest úr suðvestanáttinni á sunnudeginum (29.05.). Mælifellsá óx mjög og varð mikið landbrot af hennar völdum (Munnlegar upplýsingar frá Starra Heiðmarssyni, nú búsettur í Uppsölum, Svíþjóð - Gögn H.G.P.).

VATNSSKARÐ: Talsvert var um skriðuföll úr fjöllum báðum megin við Vatns-skarð. Mest voru þau áberandi norðaustan megin á skarðinu, nær Sæmundarhlíð og í fjöllum umhverfis vatnið sem skarðið er nefnt eftir. Þar var bæði um að ræða spýjur úr giljum og jarðföll (Gögn H.G.P.).

SVARTÁRDALUR: ...þá féllu aurskriður í Bólstaðarhlíð, en þar standa yfir vegaframkvæmdir (RÚV 29.05.). ...Þá féll skriða í Bólstaðarhlíðinni, að sögn lögreglu (Dagur 30.05.). ...Lítið er að sjá í sjálfri Bólstaðarhlíðarbrekku. Skriður efst í hlíðum inn í Laxárdal (ofan við Þverárdal), síðan hefur hlaupið úr öllum giljum út eftir Svartárdal og mest næst Langadal. Skriðuföll í Langadal, í Æsustaðafalli að ca. Auðólfssstaðaskarði, og einstaka smáspýjur norðar í átt til Blönduóss (Gögn H.G.P.). Íbúðarhúsið að Hvammi í Svartárdal var um tíma í hættu vegna mikilla vatnavaxta í Hvammsá á sunnudag (29.05.). Skemmdum á húsinu tókst að afstýra með því að beina ánni frá því, en girðingar eyðilögðust og tíundi hluti jarðarinnar er undir sandi, aur og grjóti (Mbl. 31.05.).

Heim: Ríkisútvarpið 29.05., sjónvarpsfréttir kl. 20:00. fréttir kl. 22:00. 24:00. 30.05., fréttir kl. 08:00. 12:20. 16:00. 17:00. Svæðisútvarp Norðurlands, fréttir kl. 18:35. sjónvarpsfréttir kl. 20:00. Dagur 30.05. 31.05. 01.06. DV 30.05. 31.05. Mbl. 31.05. Tím. 31.05. Feykir 01.06. Gögn H.G.P.

1. júní VATTARNESSKRIÐUR.

Grjóthrun.

Slæmt veður á Austfjörðum, úrkoma (slydda) og snjóár á fjallvegum.

...það snjóár í Vattarnesskriðum og þar hefur hrunið grjót á veginn (RÚV 01.06.).

Heim: Ríkisútvarpið 01.06., fréttir kl. 12:20.

júní VESTMANNAEYJAR (Stórhöfði).

Grjóthrun.

Stórt stykki hefur hrunið úr austurbrún Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Lengd stykkisins er um 40 m og breidd þess um 10 m þar sem það var breiðast, en hæð bergsins er 50 til 60 m. Það hafa því verið þúsundir tonna sem hrundu úr berginu enda er mikill grjótbíngur í fjörunni fyrir neðan. ...Á svæðinu þar sem hrundi úr berginu eru miklar sprungur, bæði djúpar og breiðar og tugir metra á lengd. Það er því ekki ólíklegt að meira eigi eftir að hrynja úr austurbrún Stórhöfða á næstunni og er því stórhættulegt að

fara um þetta svæði (Mbl. 11.06.). ...segist hafa verið þarna á ferð í lok síðasta mánaðar og þá hafi allt verið eðlilegt. Þó sagðist hann ekki vera frá því að sprungur sem eru ofan við bjargbrúnina hafi verið farnar að víkka. Það var svo fyrir helgi að Ísleifur var þarna aftur á ferð og þá tók hann eftir því að stórt stykki var hrunið úr bjarginu. Er það um 40 m langt og nær a.m.k. 10 m inn í bjargið, þarna er bjargið um 80 m hátt (Fréttir Vestmannaeyjum 09.06.).

Heim: DV 06.06. Fréttir Vestmannaeyjum 09.06. Mbl. 11.06.

ATH: Hrunið hefur orðið mjög snemma í mánuðinum.

12. júní SÚÐAVÍKURHLÍÐ.

Skriða.

Á sunnudagskvöldið (12.06.) var kona að aka um Súðavíkurhlíð og féll þá grjótskriða á veginn rétt framan við bifreið hennar. Munaði minnstu að skriðan lenti á bílnum. Konan slapp með skrekkin í þetta sinn (Vestf. Fbl. 15.06.).

Heim: Vestf. Fbl. 15.06.

13. júní EYJAFJÖRÐUR (Kaupangssveit).

Skriða.

Aðfaranótt 13. júní, eftir heitan dag með mikilli leysingu féll skriða úr Kaupangsveitarfjalli, suður undir Garðsá. Skriðan féll úr svonefndri Syðri-Hólsskál, niður fjallið eftir þröngum og bröttum gilskorningi og breiddi úr sér á láglandinu neðan við, í landi Syðra-Hóls í Eyjafjarðarsveit. Þar fór skriðan yfir engjar og skógræktargirðingu, braut niður girðingar og þakti landið með leðju. Upptök skriðunnar virðast hafa orðið við það að jarðvegsbörð neðarlega í skálinni urðu vatnsósa, þegar vænn skafli ofan við bráðnaði í hitunum (Gögn H.G.P.).

Heim: Gögn H.G.P.

16. júní SVARFAÐARDALUR (Grundarlækur/Nykurtjörn).

Flóð/skriða.

...snemma dags 16. júní brast snjóstífla framan við Nykurtjörnina og vatnið steypist niður hliðina og eftir Grundargili niður í Svarfaðardalsá. Vatnið var kolmórault af leir, sem litaði alla ána og myndaði mórauðan flekk á sjónum, allt austur að Hálshöfða. Þetta hlaup í Grundarlæk mun ekki hafa verið með þeim stærri enda gerði það ekki skaða á landi eða mannvirkjum. Auðsætt var þó, að ekki þyrfti mikið meira vatnsmagn til að taka sundur þjóðveginn (Norðurslóð 23.06.).

Heim: Norðurslóð 23.06.

ATH: Vafamál er hvort telja beri flóðin í Grundarlæknum vatnsflóð eða skriður, því oft hefur borist niður með þeim óhemjumagn af aur og grjóti. Á umliðnum öldum hefur Grundarlækurinn unnið mikil spjöll á landi Grundar í Svarfaðardal og hafa þá annálar oft talið að hér væri um skriður að ræða.

júní FLJÓT.

Skriða.

...Fleira kom til en það að RARIK væri að hleypa úr lóninu (uppistöðulón Skeiðfossvirkjunar í Stíflu, Fljótum), því einnig féll skriða úr Tungudalnum í júnímánuði og

hún litaði lónið og það varaði í tvær til þrjár vikur (Dagur 09.12.). ...Talsverðir vatnavextir hafa verið í Fljótum eftir að hlýna tók í veðri. Í asahlákunni sem gerði fyrir skömmu urðu mikil flóð og ljóst er að einhverjar skemmdir hafa orðið á landi. Siglufjarðarvegur var lokaður heilan dag við Stafná á mörkum Fljóta og Hofshrepps, þegar áin gróf í sundur bráðabirgðaveg. ...Á sama tíma hljóp mikill vöxtur í Flókadalsá og varð Flókadalurinn sem stórfjót (DV. 29.06.).

Heim: DV. 29.06. Dagur 09.12.

ATH: Vatnavextirnir og þá sennilega skriðufallið virðast hafa orðið seint í mánuðinum.

29.-30. júlí AUSTFIRÐIR (Vattarnesskriður, Kambanesskriður, Hvalnesskriður, Þvottárskriður, Almannaskarð).

Skriður.

Úrhellisrigning var á austanverðu landinu, en mest rigndi á Suðausturlandi og Austfjörðum, og mældist sólarhringsúrkomu víða yfir 150 mm (Staðarfell í Lóni - 178 mm, Kvísker - 185 mm, Teigarhorn - 156 mm). Miklir vatnavextir urðu, vegir fóru í sundur eða lokuðust vegna skriðufalla. Áin Kolgríma í Suðursveit hljóp og hálendisvegir urðu ófærir á nokkrum stöðum vegna vatnavaxta.

...Og það urðu náttúrulega fljótlega miklir vatnavextir af þessu og fyrsti vandinn sem við fréttum af var það að það féllu skriður í Þvottárskriðum og Hvalnesskriðum, sem eru á milli Lónsins og Álftafjarðar og lokuðu veginum í gærkvöldi. Það tókst svo að opna hann upp úr kl. 1 í nótt og bílar komust þá yfir, en þetta var á stöðugri hreyfingu og það lokaðist fljótlega aftur. Í morgun tókst svo að opna á 9. tímanum og það hefur haldist opið síðan. Svo kom í ljós að víða hafði vatn runnið yfir vegi og skriður fallið með fjörðunum, austur eftir. Það var ófært í Vattarnesinu milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og einnig höfðu fallið skriður á milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur (Kambanesskriður). Sömuleiðis hafði flætt töluvert vatn yfir veg sunnan til í Breiðdal og fleira hafði nú skeð á þessu svæði (RÚV 30.07.).

...Skriða féll úr Þvottárskriðum um 50 km austur af Höfn í Hornafirði um kl. 20:30 í gærkvöldi og lokaði hringveginum fyrir umferð. Að sögn lögreglunnar á Höfn, var lægri endi skriðunnar um 2 m á hæð en sá hærri um 4-5 m á efri hluta vegarins, og var hún 5-10 m á breidd. ...en smáar skriður féllu úr Hvalnesskriðum í gær. ...Einnig féllu smáar aurskriður úr Almannaskarði, um 9 km frá Höfn og var vatn byrjað að grafa í veginn (Mbl. 30.07.).

...Það féll einnig skriða í Hvalnesskriðum en þar lokaðist vegurinn ekki lengi, vatn rann úr Þremur-Gilsbúum yfir veginn og skar hann í sundur. Grjót féll á veginn í Vattarnesskriðum og lítill lækur í Kambanesskriðum hljóp og hálf lokaði veginum þar (RÚV 30.07., sjóvarpsfréttir kl. 20:00).

Heim: Ríkisútvarpið 29.07., sjónvarpsfréttir kl. 20:00. 30.07., fréttir kl. 10:00.

12:20. 19:00., sjónvarpsfréttir 20:00. Mbl. 30.07.

19. ág. HENGILL.

Grjóthrun/skriður við jarðskjálfta.

Í byrjun ágúst hófst skjálftahrina á Hellisheiði og Hengli, en þessi hrina var hluti af umbrotum í jarðskorpunni sem ekki er séð fyrir endan á. Í hrinunni urðu nokkrir stórir skjálftar og við einn þeirra, sem varð upp úr kl. 19 þ. 19.08. féllu talsverðar skriður úr hlíðum Hengils í svonefndum Þverárdal, en hann er milli Hengils og Hróðmundartinds, í nágrenni Nesjavalla. Þurrt var þegar þessar skriður féllu en þær voru fyrst og fremst grjótskriður (munlegar upplýsingar frá Auði Ágústsdóttur, Orkustofnun, - gögn H.G.P.).

Heim: Gögn H.G.P.

27. ág. MJÓIFJÖRÐUR, SEYÐISFJÖRÐUR.

Skriður.

Stórrigning var á Austfjörðum um helgina 26.-28. ág. Mældist úrkoma á Dalatanga 2 daga í röð 150 mm samfelld. Urðu miklir vatnavextir og gróf t.d. Eskifjarðará undan rafmagnsstaurum er stóðu á bökkum hennar.

...Aurskriða féll úr fjallinu fyrir ofan bæinn Dvergastein í Seyðisfirði. Stefndi beint á bæinn en stöðvaðist 50 m frá honum. ...en í nótt féll aurskriða úr fjallinu fyrir ofan bæinn Dvergastein í sveitinni fyrir utan Seyðisfjörð og lokaði veginum út eftir firðinum. Tveir bílar sem lagt hafði verið spotta frá bænum færðust úr stað, girðingar skemmdust og það gerðu líka net sem geymd voru þarna. Hús voru ekki í hættu (RÚV 27.08.). ...Í Mjóafirði rigndi mjög mikið. ...Lokaðist vegurinn innan við Hesteyri þegar aurskriða féll yfir veginn. Einnig rofnaði vegurinn á milli Brekku og Dalatanga þegar stór hólkur á ánni Dalá skolaðist í burtu (Austri 01.09.).

Heim: Ríkisútvarpið 27.08., fréttir kl. 12:20. Austri 01.09.

30. sept. LANGANES

Grjóthrun.

Gríðarstór flaga féll úr bjarginu milli Gjögurhorns og Lambeyrar á suðvestanverðu Langanesi, síðdegis á föstudag þegar Tausti Gestsson á hraðfiskibátnum Ásdísi frá Akureyri var þar skammt undan:

- Ég var á færum þarna svona ½ mílu frá landi og það var stíf vestanátt. Mér fannst eins og ég heyra einhvern vegin, einhverja skruðninga, ekkert þó virkilega eftirtektarvert fyrr en ég sá mökkinn koma þarna upp úr bjarginu eða fjörunni. Þetta var geysimikill mökkur. Fyrsta hugsunin var - nei, hver andsk. ekki er farið að gjósa þarna. Ég minnst nefnilega Surtseyjargossins, ég var nálægt þar þegar það byrjaði. - Og hélstu að það væri að endurtaka sig þarna? - Ja, það var svona fyrsta hugsunin. - Kom mikill mökkur upp úr þessu? - Alveg geysimikill, svona rykmökkur, svoleiðis að það huldi bjargið þarna á parti. Þannig að það hlýtur að hafa farið töluvert stykki þarna. Það var alveg þurrt þarna, annars hefði ekki allur þessi mökkur komið þó að grjótið myndist niðri í fjörunni. - Klofnaði þetta alveg frá bjargbrún og niður? - Alveg frá bjargbrún og ja, sko það er nú hugsanlegt að það hafi ekki verið alla leið niður í fjöru. Sjáðu til, einfaldlega vegna þess að það sem klofnar efst gæti hafa skilið eftir drullu þarna. - Hvað var þetta á breiðu svæði? - Þetta er svona á að giska 100 m breitt. Það var stíf vestanátt þarna, reykin eða mistrið af þessu dreif náttúrulega austur um. Þá sá ég bara flagið, sá uppi þetta svakalega flag. - Bjargið þarna er hátt í 100 m hátt þar sem úr því hrundi. Þannig að mikið hefur hrunið, þar sem svæðið er líka breitt. - Ja, það eru hundruð tonna af grjótinu þarna niðri í fjörunni. - Kom engin alda frá þessu? - Nei það er smá fjara þarna inn með Langanesi (RÚV 02.10.).

Heim: Ríkisútvarpið 02.10., fréttir 19:00.

6. okt. HVALSNESSKRÍÐUR, ÞVOTTÁRSKRÍÐUR.

Grjóthrun.

Fyrsta haustlægðin er kröpp og hefur þegar valdið nokkrum usla. Í morgun hefur veðrið verið verst í nágrenni Víkur í Mýrdal og spáð er stormi víða um land. Veður er

orðið mjög slæmt nálægt Höfn í Hornafirði og vegagerðarmenn telja ekkert ferðaveður milli Hafnar og Djúpavogs. Það er byrjað að hrynja úr Hvalsnes- og Þvottárskriðum (RÚV 06.10.).

Heim: Ríkisútvarpið 06.10., fréttir kl. 12:20.

13. okt. SVARFAÐARDALUR, SIGLUFJÖRÐUR, FLJÓT.

Skriður.

Lægðardrag sem lá yfir öllu Norðurlandi olli óhemjuúrkomu þ. 13. okt. Mest var úrkoman á annesjum, en minna er sunnar dró. Úrkoman á Siglufirði var 80 mm, á 15 tímum. Á Tjörn í Svarfaðardal mældist úrkoman þessa nótt 39 mm.

SVARFAÐARDALUR: ...Ár í Hörgárdal og Svarfaðardal eru eins og jökulfljót yfir að líta og kolmórauðar eftir gríðarmikla úrkomu í nótt og í morgun (RÚV 13.10.). ...Aðfaranótt 13. okt. gerði þvílíka rigningu hér í Svarfaðardal að lækir urðu á nokkrum klukkutímum að ám og ár að fljótum. Svarfaðardalsáin flæddi yfir bakka sína og lentu hross og kindur á nokkrum stöðum í töluverðum þrengingum af þeim sökum. ...Um tíma var dalbotninn eins og fjörður yfir að líta (Norðurslóð 26.10.). ..."Það urðu ægileg djöfulsins læti þegar skriðan steptist eins og snjóflóð fram af klettunum," sagði Hallur Steingrímsson bóndi á Skáldalæk í Svarfaðardal, en hann varð vitni að því er skriða féll niður hlíðarnar, yfir veginn og niður á tún skammt frá bænum Hreiðarsstaðakoti í Svarfaðardal í gærmorgun. Hann var í allan gærdag með hjólaskóflu á svæðinu til að halda veginum opnum. "Það munaði ekki nema um hálfum metra að skriðan lenti á íbúðarhúsinu, en hún sveigði rétt framhjá og niður eftir öllu túninu," sagði Hallur og bætti við að hann hefði naumlega getað stöðvað skólabílinn áður enn hann keyrði inn í skriðuna. "Ég sá þegar stærsta skriðan kom æðandi niður hlíðina rétt í þann mund sem skólabílinn kom að, sem betur fer gat ég gefið bílstjóranum merki þannig að hann stöðvaði bílinn, en hann hefði annars lent inni í miðri skriðunni," sagði Hallur. Hann sagði að fyrsta spýjan hefði komið úr fjallinu kl. 7:30 í gærmorgun og síðan hefðu smáskriður verið að falla fram eftir degi, sú stærsta um kl. 9:30 skömmu áður en skólabílinn var á ferðinni, en síðdegis hefði farið að hægjast um (Mbl. 14.10.). ...skammt sunnan við Hreiðarsstaðakot í Svarfaðardal í kjölfar gífurlegrar úrkomu á þessum slóðum síðustu tvo sólarhringa. Lækur sem rennur niður snarbratta hlíðina breyttist í stórfjót og ýtti á undan sér óhemjumagni af aur og grjóti frá fjallsegg og niður í Svarfaðardalsá. Skemmdir urðu á girðingum, þjóðveginum og túninu í Hreiðarsstaðakoti. ...að skyndilega hafi orðið mikill gnýr og þá hafi sér verið litið upp í fjallshlíðina. Við blasti bylgja af vatnsegg og leir, sem færðist af miklum krafti niður lækjarfarvegin og alveg niður í Svarfaðardalsá, sem er drjúgan spöl fyrir neðan Hreiðarsstaðakot. ...Vatnseggurinn myndaði nýjan lækjarfarveg, eilítið norðar en sá gamli, og færði óhemjumagn af leir og drullu niður á túnið í Hreiðarsstaðakoti. ...Skemmdir (af vatnavöxtum) urðu víða í Svarfaðardal. Um hádegisbil í gær fór vegurinn sem næst í sundur við brúna yfir Skallá, skammt fyrir norðan Kot, sem er fremsti bær í Svarfaðardal (Dagur 14.10.).

SIGLUFJÖRÐUR: Milljónatjón vegna aur- og vatnsflaums varð í fyrrinótt í Siglufirði. M.a. flæddi inn í þrjú íbúðarhús, frárennslið bæjarins stífluðust og þjóðvegurinn til Siglufjarðar lokaðist um tíma vegna aurs. Gríðarleg úrkoma varð í fyrrinótt í Siglufirði. Mældist hún 80 mm á 15 klst. og er þetta með mestu úrkomu frá því að mælingar hófust.

Menn urðu fyrst varir við að farið var að flæða inn í hús um kl. 3:30 um nóttina. ...Þetta hófst er litlar aurskriður tóku að falla og stífla niðurföll bæjarins. Svokallaður Hafnarlækur rann yfir bakka sína og flæddi um götur og garða og eru lóðir víða illa farnar og skemmdar vegna aurs og leðu sem barst með læknum. ...er aðaltjónið þó í holræsakerfi bæjarins sem er nú mjög víða stíflað af eðju og aur og nemur það tjón

milljónum króna (Mbl. 14.10.). ...þegar bæjarstarfsmenn komu á vettvang um kl. 4:30 hafi mikið gengið á í fjallinu, miklar drunur heyrst og vatnið steypst niður fjallið. ...að aurskriðurnar hafi nánast sprengt upp farveg Hafnarlækjarins, sem alla jafna er mjög litill, ofan bæjarins. Vatnið í farvegi lækjarins var þó mjög mikið með tilheyrandi grjót-, aur- og malarburði, og stíflaði stokka sem lækurinn fellur í síðustu 500 m til sjávar. Vatnið flæddi því á mörgum stöðum yfir lóðir efstu húsanna í suðurbænum, inn í kjallara þriggja húsa, holræsakerfið stíflaðist strax og vatnið flæddi um göturnar (DV 14.10.). ...Vatnið gróf undan moldarbakka, sem hrundi á gamalt timburhús við Hafnargötu, sem gegnir hlutverki veiðarfærageymslu og beitningaskúrs, en skúrinn mun hafa sloppið að mestu án skemmda (Dagur 15.10.). ...Og fyrir neðan Hafnargötuna fór stórt stykki úr bakkanum og stórt lón myndaðist við fiskverkunarhús, en ekki er vitað um skemmdir þar (RÚVAK 13.10.).

FLJÓT: ...Í Fljótum féllu víða aurskriður, sérstaklega við Mánarskriður. Þá féllu einnig nokkrar spýjur við Strákagöng (RÚV 13.10.). ...olli miklum aurskriðum í Mánarskriðum og út við Sauðanes. Um töluvert magn var að ræða sem féll á mörgum stöðum, en það var aðeins á þremur stöðum sem skriðurnar lokuðu veginum en hann tók hvergi í sundur þótt sums staðar væri hann farinn að skemmast, þar sem vatnið rann eftir klæðningunni. Hins vegar safnaðist mikið magn af aur víða ofan við veginn. ...Búið var að hreinsa veginn um tíuleytið og lokaðist hann ekki eftir það. Vegna mikillar rigningar fram eftir morgni var grjót stöðugt að velta niður á veginn ...en veginum var ekki lokað (Dagur 14.10.). ...Þjóðvegurinn til Siglufjarðar lokaðist um tíma s.l. nótt er umtalsverðar aurskriður féllu á tíu stöðum á veginn. Mest var um skriður á leiðinni frá gangamunna að vestan og inn að svokölluðum Mánarskriðum (Mbl. 14.10.).

Heim: Ríkisútvarpið 13.10., fréttir kl. 10:00. 11:00. 12:20. 16:00. Svæðisútvarp Norðurlands, fréttir kl. 18:35. sjónvarpsfréttir kl. 20:00. 14.10., fréttir kl. 12:20. Dagur 14.10. 15.10. 18.10. 17.11. Mbl. 14.10. 18.10. DV 14.10. 03.11. Tím. 15.10. Norðurslóð 26.10.

18. okt. ÞVOTTÁRSKRIDUR.

Skriður.

Aurskriður féllu í Þvottárskriðum um 50 km austur af Höfn í Hornafirði um hádegi í gær og lokuðu hringveginum. Vegagerð ríkisins á Höfn gafst upp á að opna veginn í gær vegna stanslausra skriðufalla og úrkomu ...Úrhellisrigning hefur verið á þessu svæði síðan í fyrrinótt. Um það leyti sem skriðurnar féllu náði rigningin tæpum 60 mm. ...teygðust skriðurnar yfir 100 m kafla á veginum og voru um 2 m að hæð þar sem þær voru lægstar á vegarbrúninni, en miklu hærri inn á miðjum vegi (Mbl. 19.10.). ...Verið er að ryðja aur af veginum um Þvottárskriður ...Suddi er eystra, en skriður hafa ekki fallið síðan í gærkveldi (RÚV 19.10.).

Heim: Ríkisútvarpið 18.10., féttir kl. 12:20. 19.10., fréttir kl. 08:00. Mbl. 19.10.

2. des. AKUREYRI.

Skriða.

Snemma í gærmorgun féll aurskriða í Innbænum á Akureyri, syðst í Aðalstræti. Engar skemmdir urðu á öðru en gróðrinum í brekkunni og um hádegi höfðu starfsmenn bæjarins ásamt íbúum við götuna nær lokið við að hreinsa til (Dagur 03.12.). ...Þessi smáspýja mun hafa fallið úr vegkanti eða moldarruðningum við götuna ofan við (Gögn H.G.P.).

Heim: Dagur 03.12. Gögn H.G.P.

ATH: Mikið rigndi á Austurlandi í gær og skemmdust vegir. í gærmorgun mældist 15.5 stiga hiti á Vopnafirði. ...Varði Vegagerðin vegfarendur við að vera á ferð á þessum slóðum vegna vatnavaxta og skriðuhættu allt frá Reyðarfirði og suður í Breiðdal. Einnig var vegurinn í Fljótsdal lokaður við Kelduá. Þá flaut vatn yfir veginn við Skriðuvatn í Skriðdal og var hann aðeins jeppafær (Mbl. 03.12.). ...skv. Vegagerðinni á Reyðarfirði munu hér hafa verið flóð á ferðinni, ekki féllu skriður svo tekið væri eftir. Vegagerðin var fyrst og fremst að vara við hættu af grjóthruni. ...Flóðið mikla sem varð í Fljótsdal kom innan af öræfum og lækir í nágrenni Víðivalla fremri uxu ekki að ráði og engin skriðuföll urðu þar í fjöllum (Gögn H.G.P.).

Heim: Ríkisútvarpið 02.12., fréttir kl. 19:00. 24:00. 03.12., fréttir kl. 12:20. Mbl. 03.12. Austri 08.12. Gögn H.G.P.

SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

Akureyri	1994 2. des.
Almannaskarð	1994 29.-30. júlí
Arnarfjörður	1993 26. sept.
V-Eyjafljöll	1994 9. apr.
Fljót	1994 7 júní
Fljót	1994 13. okt.
Gilsfjörður	1993 28. nóv.
Haukadalur/Dalasýslu	1993 vetur/vor
Hengill	1994 19. ág.
Hjaltadalur/Skagafj.	1994 29.-30. maí
Hrunamannahreppur	1993 vetur/vor
Hvalfjörður	1993 20. nóv.
Hvalsnesskriður	1993 29. jan.
Hvalsnesskriður	1993 1. febr.
Hvalsnesskriður	1994 29.-30. júlí
Hvalsnesskriður	1994 6. okt.
Hörgárdalur	1994 29.-30. maí
Ingólfsfjall	1993 5. júlí
Ísafjarðardjúp	1993 8.-9. maí
Kambanesskriður	1994 29.-30. júlí
Kaupangssveitarfjall/Eyjaflj.	1994 13. júní
Kollafjörður/Strandasýslu	1993 8.-9. maí
Langanes	1994 30. sept.
Langidalur/A-Hún.	1994 29.-30. maí
Laxárdalur/A-Hún.	1994 29.-30. maí
Lundarreykjadalur	1993 8.-9. maí
Lýtingsstaðahreppur/Skagafj.	1994 29.-30. maí
Mánarskriður	1994 13. okt.
Mjóifjörður	1994 27. ág.
Njarðvíkurskriður	1993 26. júní
Norðurárdalur/Borgarfj.	1993 8.-9. maí
Norðurárdalur/Skagafj.	1993 5. ág.
Norðurárdalur/Skagafj.	1994 29.-30. maí
Ólafsvík	1993 21. febr.
Óshlíð	1993 5. nóv.
Óshlíð	1993 20. nóv.
Patreksfjörður	1993 26. sept.
Seyðisfjörður	1994 27. ág.
Siglufjörður	1994 13. okt.
Skorradalur	1993 8.-9. maí
Steingrímsfjörður/Strandas.	1993 8.-9. maí
Strandir	1994 7 maí
Súðavíkurhlíð	1994 12. júní
Svarfaðardalur	1994 16. júní
Svarfaðardalur	1994 13. okt.

Svartárdalur/A-Hún.	1994 29.-30. maí
Svínadalur/Dalasýslu	1993 8.-9. maí
Vatnsskarð	1994 29.-30. maí
Vattarnesskriður	1994 1. júní
Vattarnesskriður	1994 29.-30. júlí
Vestmannaeyjar	1994 vetur/vor
Vestmannaeyjar	1994 ? júní
Villingadalur/Dalasýslu	1993 vetur/vor
Vogastapi/Vatnsleysuströnd	1994 23. apr.
Þvottárskriður	1993 29. jan.
Þvottárskriður	1994 29.-30. júlí
Þvottárskriður	1994 6. okt.
Þvottárskriður	1994 18. okt.
Þverárhlið/Borgarfjs.	1993 8.-9. maí